

Nd. **252. Frumvarp til laga** [142. mál]
um breyting á lögum nr. 38/1951, um landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

1. málsl. 2. gr. laganna orðist svo:

Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af fyrirmælum 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs allt að 50 millj. kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 17 9. apríl 1955, um breyt. á l. nr. 38/1951, um landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta felur ekki í sér aðra breytingu á lögum um landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi en þá, að lánsheimild vegna hafnargerðarinnar hækkar úr 12 millj. kr. í 50 millj. kr.

Sjávarútvegsnefnd hefur haft til meðferðar frv. á þskj. 32 um hækkun á lántökuheimild vegna landshafnar í Keflavíkurborg og Njarðvíkurhreppi og samþykkt að mæla með afgreiðslu þess frumvarps. Hefur nefndin talið rétt, að hliðstæð hækkun yrði einnig gerð á lántökuheimild vegna Rifshafnar, og er upphæðin tiltekin að höfðu samráði við vitamálastjóra, sem hefur m. a. upplýst í bréfi til nefndarinnar, að unnið sé nú að áætlunargerð um byggingarframkvæmdir í Rifshöfn, sem muni kosta allt að 30—40 milljónum króna.